

Reykjavík, 3. júní 2019

Niðurstaða athugunar á aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hjá líftryggingafélögum og váttryggingamiðlurum

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í nóvember 2018. Athugunin beindist að líftryggingafélögum með starfsleyfi hér á landi auk váttryggingamiðlara sem miðla áhættu- og söfnunarlíftryggingum með fjárfestingaráhættu.

Markmið athugunarinnar var að kanna framfylgni við lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að við upphaf athugunarinnar voru í gildi lög nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, en þann 1. janúar 2019 tóku gildi lög nr. 140/2018 um sama efni.

Þeir þættir sem skoðaðir voru í tengslum við aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka voru m.a. verklag innra eftirlits og könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn. Einnig var skoðað hvernig staðið væri að reglubundnu eftirliti með samningssambandinu og hvort sérstakur ábyrgðarmaður hefði verið tilnefndur.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugun þessa var talið tilefni til að gera eftirfarandi athugasemdir:

Hjá Fjárfestingamiðlun Íslands ehf. voru gerðar athugasemdir við að reglubundið eftirlit með viðskiptasambandi hafi ekki verið í fullu samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 64/2006, sbr. 4. mgr. 10. gr. nógildandi laga nr. 140/2018, að ekki hafi verið skjalfest stefna, stýringar og verkferli í samræmi við 1. mgr. 23. gr. laga nr. 64/2006, sbr. 4. mgr. 5. gr. nógildandi laga nr. 140/2018 og að ekki hafi verið tilnefndur sérstakur ábyrgðarmaður í samræmi við ákvæði 22. gr. laga nr. 64/2006, sbr. 34. gr. nógildandi laga nr. 140/2018.

Þá var gerð athugasemd hjá Líftryggingafélagi Íslands hf., Nýju váttryggingaþjónustunni ehf. og Tryggingamiðlun Íslands ehf. varðandi reglubundið eftirlit með viðskiptasambandi á grundvelli 6. gr. laga nr. 64/2006, sbr. 4. mgr. 10. gr. nógildandi laga nr. 140/2018.